

**Ed.**

## **109. Frumvarp til laga**

um aðstoðarpresta í Reykjavík.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík er heimilt, í samráði við kirkjumálaráðherra og biskup, að kalla tvo aðstoðarpresta til starfs í dómkirkjusöfnuðinum, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfi, er kirkjumálaráðherra setur.

2. gr.

Aðstoðarprestarnir hafa sömu laun og sóknarprestar, og greiðast þau úr prestlaunasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Prestsstarf í hinum fjölmenna dómkirkjusöfnuði í Reykjavík er orðið svo mikið, að langur vegur er frá því, að tveir prestar geti annað því eins og þörf er á. Hafa því verið uppi tillögur um það, að skipta dómkirkjusöfnuðinum í nokkur prestaköll, en ekki hafa þær tillögur náð samþykki Alþingis. Á síðasta þingi kom fram frumvarp um það, að mynda sókn með sérstökum presti í Laugarnesskólahverfi, en það frumvarp var ekki afgreitt.

Hér er nú farið inn á nýja leið í máli þessu, til þess að bæta í bráð úr því, sem enga bið þolir lengur. En það er sú leið, að bæta við starfskröftum í dómkirkjusöfnuðinum. Tveir prestar til aðstoðar dómkirkjuprestunum ættu að geta innt af hendi nokkuð af því, sem áfátt er. Og þó að erfitt verði um fullkomið prestsstarf fyrir 4 presta við eina kirkju, þá ætti samt að mega láta þá alla fá ærið starf með því til dæmis að láta hina nýju presta starfa í sérstökum hverfum bæjarins, líkt og séra Garðar Svavarsson hefir starfað undanfarandi í Laugarnesskólahverfinu.

Kostnaður ríkissjóðs við þetta, tvönn prestslaun, er hverfandi lítill, þegar litið er á það, hve mikið þessi söfnuður greiðir í prestlaunasjóð. Það yrði samt sem áður ekki nema nokkur hluti þess, sem gengi til prestspjónustu í söfnuði þessum.

Að hér er farið fram á, að sóknarnefnd „kalli“ prestana til starfsins, í stað þess að söfnuðurinn kjósi þá, stafar af því, hvornig hér er ástatt. Þessir prestar munu vafalaust starfa á ákveðnum svæðum í söfnuðinum aðallega, svæðum, sem á hinn bóginn eru ekki þannig afmörkuð, að unnt sé að koma þar á kosningum. Enda er hér um aðstoðarpresta að ræða, en þeir eru jafnan ráðnir, en ekki kosnir, og virðist eðlilegast, að sóknarnefnd og biskup geri um þetta tillögu til ráðherra.